

**Skóli í Skarðshlíð**

<b>Tílefni fundar:</b> Verkfundur	<b>Fundur nr.</b> 33
-----------------------------------	----------------------

<b>Fundarstaður:</b> Í vinnubúðum verktaka á verkstað við Hádegisskarð Hafnarfirði	<b>Fundarritun:</b> HÁ
<b>Dagsetning:</b> 5. júní 2019	
<b>Tími:</b> 14:00 - 15:45	

**Mættir:**

Verkís:	Kristján Björnsson (KB)	<a href="mailto:kb@verkis.is">kb@verkis.is</a>	824-6313
	Hilmar Ástþórsson (HÁ)	<a href="mailto:hia@verkis.is">hia@verkis.is</a>	846-0011
Eykt ehf.:	Ívar Már Markússon (ÍMM)	<a href="mailto:ivar@eykt.is">ivar@eykt.is</a>	822-4449
Skarðshlíðarskóli:	Ægir Berg Elísson (ÆBE)	<a href="mailto:aegirberg@hafnarfjordur.is">aegirberg@hafnarfjordur.is</a>	
	Ingibjörg Magnúsdóttir (IM)	<a href="mailto:ingibjorg@skardshlidarskoli.is">ingibjorg@skardshlidarskoli.is</a>	
VSB:	Örn Guðmundsson (ÖG)	<a href="mailto:orn@vsb.is">orn@vsb.is</a>	

**Dreifing:**

Fundarmenn	
Porgeir Margeirsson	Eykt
Páll Daníel Sigurðsson	Eykt
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær
Stefán B. Veturliðason	VSB
Ragnar Haraldsson	Verkís
Ólafur Ívar Baldvinsson	Verkís
Kjartan Mar Eiríksson	Verkís



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	<b>Almennt</b> <i>Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðast fundi.</i>	
1.1	<b>Síðasta fundargerð</b> Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð. <i>Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.</i>	
1.2	<b>Umsjón verkkaupa</b> <i>Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu.</i> <i>Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Kristján Björnsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.</i>	
1.3	<b>Umsjón verktaka</b> <i>Staðarstjóri og byggingastjóri:</i> <i>Dorgeir Margeirsson, toggi@eykt.is s: 822-4414 (Byggingarstjóri)</i> <i>Ívar Már Markússon, ivar@eykt.is s: 822-4449 (Staðarstjóri)</i> <i>Verkstjórar:</i> <i>Hlynur Gissurarson, hlynur@eykt.is s: 822-4418</i>	
1.4	<b>Tryggingar</b> <i>Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert 09.10.2018).</i> <i>Ekki eru forsendur fyrir því að lækka tryggingu fyrr en um næstu áfangaskil.</i>	
1.5	<b>Heilbrigði, öryggi og umhverfi</b> <i>Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað.</i> <i>Búið er að girða vinnusvæðið af, vinnusvæðið er lokað og læst utan vinnutíma.</i> <i>Við opnun skólans hafa verklagsreglur varðandi öryggi gagnvart börnum og starfsfólki skólans verið hertar.</i>  <i>Verktaki leggur áfram áherslu á að ekki sé unnið í húsbyggingu C nema eftir klukkan 14:00 á virkum dögum. Þegar unnið er í húsbyggingu C er gengið út frá því að vinna þar sé afskermd.</i> <i>Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær. Gap er á vinnugirðingu framan við</i>	



anddyri leikskóla, verktaki kemur til með yfirfara og vinna úrbætur á að loknum verkfundi.

*Í samráði við ráðgjafa/hönnuði er verktaki að skoða mögulegar útfærslur/úrbætur í grennd við reiðhjólastanda, í framhaldi af ábendingu sem barst þar um. Reiðhjólastandar eru lágir og slyshætta getur hlotist af skyldu þeir t.a.m snjóa í kaf. Er í ferli hjá verktaka, verið er að skoða tvær mögulegar lausnir með landslagsarkitekt sem lagt verður fyrir eftirlit/verkkaupa til umsagnar.*

ÍMM

*Verktaki ætlar að fá fund í næstu viku með fulltrúa BSI til að fara yfir öryggi leiktækja. Boða þarf fulltrúa Heilbrigðiseftirlits líka. Fundur var haldinn með söluaðila. Ákveðið að bíða með að mála leiktæki í 1,2 m hæð og skoða hvernig þetta er hjá öðrum skólum.*

Verktaki fundaði með skólastjórnendum og heilbrigðiseftirliti vegna athugasemda við leiktæki á lóð. Þar upplýsti heilbrigðiseftirlit að málun á leiktækjum (upp að hæð 1,2m) væri ekki reglugerðarákvæði en um það væri leiðbeint í stöðlum. Heilbrigðiseftirlit kemur til með að skoða frekar um hvaða staðla er verið að ræða og upplýsa um. Skarðshlíðarskóli skoðar og metur í framhaldinu hvort þörf/æskilegt sé að mála leiktæki. Komi til þess mun verktaki mála umrædd leiktæki.

Verktaki upplýsir um að ekkert slys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi.

## 1.6 Upphaf og lok framkvæmda

*Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017*

*Samningsupphæð er kr. 3.979.077.263,-*

*Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.*

## 1.7 Aðstaða og athafnasvæði verktaka

*Vinnusvæðið er að hluta til í skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum verður tryggt.*

Það er ítrekað að reykingar eru ekki leyfðar á vinnusvæðinu nema í gámi við hlið aðstöðu verktaka.

Verið er að ljúka við tiltekt á vinnusvæði, þ.e. fjarlægja dót og búnað sem ekki er þörf á lengur. Lóðafrágangur framan við byggingar E og F er að hefjast.



Verktaki opnaði á milli áfanga 1 og 2 í gær. Áréttað er við verktaka að aðgengi á milli húsbygginga B og C sé hindrað/stúkað af, svo nemendur eigi ekki möguleika á að fara hindrunarlaust úr C yfir B byggingu.

Verktaki ráðgerir að hefja lokaprif í A2 og B2 á þriðjudaginn í næstu viku, þar er verið að ljúka við ísetningu innihurða. Upphækkaðar sætaraðir í fyrirlestrarsal verða jafnframt dúkklagðar í næstu viku.

### 1.8 Veitustofnanir

*Fjarskiptastrengir frá bæði Milu og Gagnaveitu hafa verið tengdir og lagðir inn í nýbyggingu.*

### 1.9 Samstarf við aðra

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

*Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir, Rafís. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmiði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Þakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð, Jóhann Sigurðsson garðyrkjufyrirgjafi. Þökulagning, HO torf. Heflun undir malbik, Hefilverk. Malbikun, Hlaðbær - Colas. Gluggaísetningar, ÁP-verk ehf. Uppsetning innihurða, Trésmiðja Róberts.*

### 1.10 Vinnutími

*Vinnutími verktaka er 7:30 - 18:00 virka daga. Almennt séð er ekki unnið um helgar, tilfallandi er að undirverktakar séu að störfum um helgar.*

### 1.11 Verkáætlun

*Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 var 6. nóvember.*

Í húsbyggingu C er unnið að eftirfarandi úrbótum;

- **Vindbrjótur/aðalinngangur:**

*Búið að panta rennihurð sem verður skipt út fyrir núverandi útidyrhurð í húsbyggingu C. Horft er til þess að uppsetning á rennihurð eigi sér stað þegar skóli fer í sumarfrí. Verktaki hefur fengið rennihurð og ráðgert að fara í uppsetningu þegar skólastarfi líkur.*

- **Aðgangsstýringar:**

*Eftir frekari upplýsingar, fundi og vettvangsferð þar sem farið var heildstætt yfir virkni þess kerfis sem verktaki hefur lagt til að nota á viðbótarhurðir, Salto Sarris, er útfærsla aðgangsstýringarkerfis samþykkt. Óskað er eftir því að verktaki setji upp kerfið heildstætt í húsbyggingu C og gangsetji, til prófunar. Þegar kerfi er uppsett og komið í virkni í húsbyggingu C verði það tekið út áður til að sannreyna*



*að allt virki sem skyldi, áður en farið verði í uppsetningu kerfisins í síðari áföngum. Sannreyna þarf að hurðir aflæsisst við neyðarboð, t.a.m bruna. Byrjað er á uppsetningu í byggingu C, vinnuplan kemur í framhaldi. Búið er að setja Salto Sarris upp ca. 90% í C-byggingu og hefur kerfið reynst vel, eftir stendur að setja upp stýringu á tvær hurðar (geymsla og eldhús). Undirbúningur er hafinn á 2.hæð í húsbýggingum A og B.*

- **Masterskerfi í hurðir innanhúss:**

*Masterskerfi er komið yfir til Véla og Verkfæra sem taka við kerfinu og sjá um að. Verktaki skoði hvort ekki séu Euro-sylendrar í öllum hurðum. Verið er að leggja lokahönd á masterskerfi, verktaki og skólastjórnendur koma til með setjast yfir og fara yfir lykilmál og aðgengi og í framhaldinu koma uppfærðu yfirliti á Vélar og Verkfæri. Skipt verður út sílerndrum í útihurðum og sett í eitt kerfi.*

- **Hússtjórnarkerfi:**

*Er komið í gang að hluta til og húsvörður (ÆBE) hefur fengið hlutakennslu á kerfið. Efla verkfræðistofu vinnur að því að fullklára/forrita kerfið, ljósastýring er ekki virk eins og er. Ívar í samráði við rafvirkja kannar hvernig staðan er á forritun/fullnaðarfrágangi kerfisins.*

*ÆBE bendir á að hússtjórnarkerfi sé í raun og veru þrjú sjálfstæð kerfi. Verktaki mun skoða kröfur til hússtjórnarkerfis og hugsanlega möguleika þess að hússtjórnarkerfi sé keyrt í heild sinni á sama kerfinu/viðmótinu.*

*Búið er að tengja ljósastýringu inn á hússtjórnarkerfi og virkni í góðu lagi. Hita- og loftræsikerfi er ekki alveg fullunnið.*

*Verktaki vinnur að því að útvega sértæka tölvu sem sett verður upp í húsvardarherbergi, hússtjórnarkerfi keyrt á þeirri tölvu. Í vinnslu.*

- **Búnaður hurða:**

*Búið er að vinna úrbætur á búnaði hurða, þ.e. skiptu um skrúfu í kólfi, fóðringar og annað tilheyrandi. Þá er búið að skipta út snerlum á salernum sem reynst hafa vel. Vandamál hefur komið upp með hurðarhúna á tveimur hurðum, skoða þarf hvort gleymst hafi að skipta um fóðringar í umræddum hurðum. Verktaki mun skoða og vinna úrbætur á. (ÆBE) fylgist með þessu og lætur vita ef þetta er ekki í lagi.*

*Skoða þarf hurð á 2.hæð í anddyri við sal, kantlímingu þarf að lagfæra, verktaki mun skoða á eftir.*

ÍMM

ÍMM



## 1.12 Gæðamál og verklagslýsingar

*Leki kom upp í lyftu og rafmagnsstokk. Finna þarf út hvaðan vatnið kemur og þétta. Svo virðist sem lekið hafi með lögnum inn í lyftu- og rafmagnsstokkinn. Búið er að þétta að innanverðu en grafa verður frá húsinu að utanverðu og skoða betur þegar farið verður að helluleggja. Ekki hefur orðið vart við leka aftur. Eftirlit og verktaki koma til með að skoða í sameiningu á næstu dögum.*

## 1.13 Mannafli og tæki

Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:

Mannskapur		Tæki	
Stjórnun	2	Trailer	0
Húsasmiðir	12	Beltavél	1
Rafvirkjar	4	Hjólavél	1
Píparar	3	Cat	1
Málarar	4-5	Skæralyfta	1
Blikksmiðir	4-6		
Dúkarar	2		
Verkamenn	4		
Múrarar	2		
Aðrir	0		
Lóðarfrágangur	2		
<b>Samtals:</b>	<b>39-42</b>	<b>Samtals:</b>	<b>4</b>

## 2 Verktakaverkið

### 2.1 Verkstaða - verkáætlun

*Verktaki hefur upplýst að stefnt sé á að fullklára kennarastofu (í húsi D) fyrr en áætlað var og afhenda til afnota, stefnt að vormánuðum 2019.*

*Verkstaða verksins í heild sinni er í góðu horfi og skil á næsta áfanga verður samkvæmt áætlun. Hins vegar er verið að hægja á framkvæmdum til samræmis við greiðsluáætlun þannig að lokaskil verða samkvæmt upphaflegri áætlun.*

Samkvæmt samningi skal skila áfanga nr.2 15.júní næstkomandi. Húsbyggingar A og B eru í lokafrágangsfasa og farið að huga að lokaþrifum.

### 2.2 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

*Komin er ósk um að auka gljástig málningar í 20%.*



*Verktaki er beðinn um að skoða betur felliveggi milli kennslustofa í D og E byggingu.*

*Óskað er eftir því að færa munaskáp og fleiri tilfærslur í aðstöðu starfsmanna. Eftirlit hefur gert frekari grein fyrir umræddum breytingum/tilfærslum og sent á verktaka, verktaki sér ekkert því til fyrirstöðu að vinna breytingar til samræmis við tillögu.*

Setja þarf brunastiga til bráðabirgða frá nýju starfsmannaaðstöðu í D-byggingu.

Breytt efnisval í myndavélum utanhúss hefur verið til umræðu aðila á milli, er í ferli hjá verkkaupa.

### 2.3 Rannsóknir og prófanir

*Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang. Verktaki hefur veitt eftirlitsaðilum aðgang.*

### 2.4 Efnisútvegum og samþykktir

*Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.*

*Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.*

*Tæki sem verktaki hefur lagt til eru í yfirferð hjá eftirliti, tækin eru samþykkt að mestu. Litur á hrærivélum er eftir. Agreitt.*

## 3 Framvinda

### 3.1 Verkstaða - verkáætlun

Verktaki kemur til með að senda frá sér verkáætlun fyrir húsbyggingu C, þ.e. þá verkþætti sem fyrirhugað er að vinna þegar skólastarfi líkur.

#### Hús A:

Uppsetning utanhússklæðningar er lokið um 95%. Verið er að setja upp áfellur á þakkanta. Búið er að leggja pappa á svalir. Búið er að steypa undirstöðu undir stálstiga og er stálstigi kominn á staðinn. Innanhúss er lokafrágangsfasi í gangi. Innihurðar eru komnar á verkstað og uppsetning þeirra langt komin á 2.hæð. Til samræmis við verksamning er ráðgert að bygging verði afhent 15.júní 2019.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	95%	95%
<i>Lagnir</i>	95%	95%



Loftræsing	95%	95%
Kerfisloft	95%	95%
Dúkalögn	95%	95%
Málun	Lokaumferð eftir	Lokaumferð eftir
Flisalögn	80%	-
Utanhússklæðning	95%	
Uppsetning Innréttingar	90%	100%

## Hús B:

Uppsetning utanhússklæðningar er lokið um 95%. Verið er að setja upp áfellur á þakkanta. Innanhúss er lokafrágangsfasi í gangi. Innihurðar eru komnar og uppsetning þeirra langt komin á 2.hæð. Til samræmis við verksamning er ráðgert að bygging verði afhent 15.júní 2019.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	90%	95%
Lagnir	90%	90%
Loftræsing	90%	95%
Kerfisloft	95%	95%
Dúkalögn	95%	95%
Málun	Lokaumferð eftir	Lokaumferð eftir

## Hús C:

### Utanhúss:

Verktaki upplýsir að múrarmeistari kemur til með að lagfæra sjónsteypusúlu á 2.hæð, yfirborð ekki ásættanlegt. Komið.

### Innanhúss:

Afgreiðsla/úrbætur á aðgangsstýringum, masterskerfi innanhúss og glerjunar í DJ-búri og afgreiðslu ritara er í ferli, s.br. bókun undir fundarlið nr. 1.11 - Verkáætlun.

## Hús D:

Verið er að setja upp klæðningu utanhúss. Búið er að setja upp þakglugga. Innanhúss eru léttir innveggir komnir upp og unnið hefur verið að pípulögnum, loftræsilögnum og raflögnum á 1. og 2. hæð. Búið er að setja upp ofna. Búið er að mála eina umferð á 1. og 2. hæð. Í starfsmannaaðstöðu er búið að dúkleggja gólf, kerfisloft eru uppsett að mestu og uppsetning innréttinga hefst í næstu viku.

	1.hæð	2.hæð
Innveggir	100%	100%
Rafkerfi	70%	90%
Lagnir	90%	100%
Loftræsing	90%	95%
Gólfefni	30%	30%





Kerfisloft

0%

20%

**Hús E :**

Uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Búið er að leggja pappa á svalir. Innanhúss er unnið er við uppsetningu léttra innveggja á 1. og 2. hæð og unnið er að ídrætti rafstrengja og við lagnir. Vinna við spörlsun og málun er hafin.

**Hús F:**

Búið er að leggja þakdúk á neðra þakið. Búið er að einangra útveggi og setja upp undirkerfi utanhússklæðningar. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og unnið er að hleðslu veggja í sturtuaðstöðu.

**Lóðarfrágangur:**

*IM talar við verkkaupa varðandi frágang vestan við leiksvæði.*

*Gróður: Búið er að tyrfa gróðurbeð til bráðabirgðar, gróðursett verður í beðið næsta vor.*

Unnið að jöfnun á lóð í kringum byggingar A og B. Búið er að malbika fyrir fram húsinn. Búið er að setja niður hólkum vegna girðingar framan við A og er hellulögn framan við húsbyggingar A og B langt komin.

**Áætlun næstu tvær vikur:**

**Hús A:** Unnið verður að lokafrágangi og þrifum. Gardínur komi á verkstað og unnið verði að uppsetningu þeirra.

**Hús B:** Unnið verður að lokafrágangi og þrifum. Gardínur komi á verkstað og unnið verði að uppsetningu þeirra.

**Hús C:** Unnið að aðgerðalista/sumaráætlun sem verktaki kemur til með að senda frá sér á næstu dögum.

**Hús D:** Unnið verður við uppsetningu utanhússklæðningar. Unnið að fullnaðarfrágangi í starfsmannaaðstöðu; málningarvinna, uppsetning kerfislofta og loftræsingu og innréttinga. Unnið verður að uppsetningu kerfislofta, ídrætti rafstrengi og lagnavinnu.

**Hús E:** Unnið verður við uppsetningu undirkerfis undir utanhússklæðningu. Unnið að uppsetningu léttra veggja á 1. og 2.hæð. og við stofnlagnir.

**Hús F:** Unnið verður að frágangi þakflatar. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og hlaða veggja í sturtum.



**Annað:** Unnið verði við í stálsmiði stiga- og svalahandriða utanhúss og jöfnun lóðar. Unnið verður við hellulögn framan við bygginu A og B. Malbikað stígur og meðfram húsi í næstu viku. Unnið verður við uppsetningu stálstiga við hús A. Brunahönnuður vinnur að því að útbúa nýja skemamynd vegna áfangaskil nr.2, eftir að opnað hefur verið á milli húshluta B og C.

### 3.2 Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn

*Verktaki hefur sent tilkynningar með tölvupósti þegar nýjar teikningar eru útgefnar, líkt og rætt hefur verið um, heldur því áfram.*

### 3.3 Rannsóknir og prófanir

*Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.*

## 4 Önnur mál

### 4.1 Magntölur og reikningar

*Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþegg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.*

*Verktaki og verkkaupi hafa fundað vegna greiðslutilhögunar og verkframvindu, ákveðið er að fylgja upphaflegri greiðsluáætlun.*

Eftirtaldir reikningar hafa verið gerðir vegna verksins.

Framvindureikningur nr. 22 hefur verið lagður fram og samþykktur.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	



11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360	
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362	
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823	
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660	
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121	
16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025	
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881	
18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978	
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800	
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907	
21	01.05.2019	142,7	119.850.147	10.108.941	129.959.088	
22	01.06.2019	145,8	134.942.153	14.560.627	149.502.780	
Alls			<b>2.887.455.408</b>	<b>174.185.536</b>	<b>3.016.640.941</b>	

#### 4.2 Auka- og viðbótarverk

Verktaki veur athygli á tenging göngustíga við göngustíga á bæjarlandi hafi verið aukaverk. Verktaki taki saman umfang og geri grein fyrir, aukaverk verði á sérreikningi. Búið er að senda samantekt á Stefán og Ingibjörgu. Fundur hefur verið haldinn vegna hljóðkerfis. Búið er að fara yfir tillögu verktaka að hljóðkerfi í matsal og samþykkja, s.br. orðsendingu eftirlits nr. 003. Verktaki hefur sent athugasemd við þessa orðsendingu.

Fundur um aukaverk var haldinn milli VSB og verktaka. VSB mun funda með eftirliti í framhaldi til að fara yfir þessi aukaverk. Afgreiðsla aukaverka er í ferli.

#### 4.3 Kröfur

Ekkert bókað.

#### 4.4 Ýmis önnur mál

IM ætlar að athuga merkingar á stofum. Liggur fyrir að merkingar á stofum taki mið af hverri húsbýggingu fyrir sig, t.a.m húsbýgging A (1.hæð) - A 101 og húsbýgging A (2.hæð) - A 201. Skoða þarf hvort verktaki eigi að útvega og setja upp merkingar á skólastofum. Það er á hendi verktaka að útvega merkingar á skólastofum og setja upp. Arkitekt vinnur að tillögu sem borin verður undir verkkaupa/skólastjórnendur áður en farið verður í uppsetningu. Í ferli.

Í skólastofu á 1.hæð (sem liggur að húsbýggingu D) hafa komið í ljós rakaskemmdir ofan við flóttahurð. Verktaki skoði og vinni úrbætur á. Sömuleiðis sprungu í steiptum vegg sem snýr að húsbýggingu D, í sömu stofu.

Verktaki mun vinna úrbætur á og lagfæra.



*Rætt um eftirlitsmyndavélar og breytingar sem gerðar voru á efnisvali sem ekki fór rétta boðleið við ákvarðanatöku. Verktaki er nú þegar búinn að setja upp 3 myndavélar og hefur stoppað uppsetningu. Örn mun skoða umrætt málefni frekar og upplýsa um. Er í ferli hjá verkkaupa, verktaki verður upplýstur um niðurstöðu þegar hún liggur fyrir. Von er á mönnum frá Hafnarfjarðarbæ og Securitas til að fara yfir þetta á staðnum. Menn komu í síðustu viku til að fara yfir staðsetningar, niðurstaða liggur ekki fyrir.*

*Verktaki vinnur að því að útfæra neyðarkallkerfi. Skoða þarf hvert boð frá neyðarkallkerfi frá söfnunarstað á að berast. Verktaki kemur til með að taka saman og senda eftirliti upplýsingar um neyðarkallkerfi til yfirferðar. Í vinnslu*

ÍMM

*Skólastjórnendur upplýsa um að eldvarnarúttekt hafi farið fram í gær, þar sem fram komu nokkrar ábendingar/athugasemdir. Óskað eftir því að úttektarskýrsla verði áframsend á eftirlit til upplýsinga, farið verði yfir athugasemdir sem fram koma í skýrslu í framhaldinu. Skýrsla liggur ekki fyrir. Eftirlit hefur fengið skýrsluna og sendir áfram á verktaka og skólastjórnendur. Farið yfir skýrsluna og merkt hverjum atriðin tilheyrja. Verður farið í úrbætur í sumar.*

*Óskað er eftir því að verktaki stækki leiksvæði til vesturs og setji niður rólur en rólurnar sem fyrir eru voru lagðar til af skólanum. Önnur róla komin og verktaki kemur til með að setja upp undirlag, gúmmímottur.*

*Athuga þarf loftun frá leirbrennsluofni, á að vera á teikningum. Staðfest að fyrir þessu sé gerð grein fyrir á verkeikningum.*

*Í húsbýggingu C verður farið yfir og skoðað bæði málningu (veggir) og stigahandrið. Eru illa farin, verktaki upplýsir að ráðgert sé að fara í úrbætur á stigahandriði í sumar, er á aðgerðalista.*

#### 4.5 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður miðvikudaginn 19. júní, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.  
eftirlits

f.h.  
verkkaupa

Umsjónarmaður

Fulltrúi verkkaupa

**Staðfesting á samþykki fundargerðar:**

Fyrir verktaka: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_